

Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Ólafsvík 9.2.2021

Umsögn um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 418. mál.

Samtök smærri útgerða hafa farið yfir frumvarpið og gera eftirfarandi athugasemdir.

Í umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins (15.gr.h) kemur fram að skerðing á línuívilnun og tilheyrandi tilfærsla innan 5,3% pottsins sé vegna minni nýtingar. Síðustu ár hafa aflaheimildir til línuívilnunar þegar verið skertar gríðarlega. Sem dæmi má nefna að milli fiskveiðiársins 18/19 og 19/20 fóru heimildirnar í þorski úr 3.000 tonnum í 2.000 tonn og svo var enn skorið niður og nú er reiknað með 1.050 tonnum í þorski fyrir fiskveiðiárið 20/21. Í frumvarpinu virðist vera gert ráð fyrir c.a. 20% skerðingu í viðbót og má þá reikna með ca 800 tonnum á næsta fiskveiðiári. Nú þegar, í byrjun febrúar, er búið að klára rúmlega 801 tonn (af þessum 1050) og ljóst að heimildir til línuívilnunar munu ekki duga þetta fiskveiðiár. Það sama má segja um ýsuna. Þar hefur verið skorið niður ár eftir ár. Þar er nú þegar búið að veiða meira en $\frac{3}{4}$ af ívilunarheimildum alls fiskveiðiársins og meira en helmingur er eftir af fiskveiðiárinu.

Augljóst er af þessu að línuívilnun hefur nú þegar verið skert of mikið og það eitt og sér mun leiða til fækkunar smábáta sem nýta sér línuívilnun, hvað þá ef skerðingin verður meiri eins og boðað er í frumvarpinu.

Rætt er um minnkaða nýtingu línuívilnunar með aukinni tækni og að þær breytingar hafi komið verst niður á þeim byggðarlögum þar sem löndun línuívilnunar hefur verið mest. Taka á upp þau nýmæli að það sem komi ekki til með að nýtast til línuívilnunar skuli koma til þeirra sveitarfélaga sem helst hafa nýtt hana í formi byggðakvóta.

Það er augljóst að jafnvel miðað við að línuívilnun verði ekki skert frekar frá fiskveiðiárinu 20/21 (1050 tonn í þorski – 701 tonn í ýsu) þá verður ekkert til sem heitir ónýtt ívilnun til að bæta sveitarfélögunum tapið. Það er búið að taka af allt sem hefur verið ónýtt í flotanum undanfarin ár.

Eins og fram kemur þá hefur hagkvæmni þess að beita eða stokka línu í landi farið minnkandi og einnig hafa aðstæður í hafi breyst og því hefur línuívilnun ekki verið nýtt að fullu. Það hefur vissulega komið niður á þeim byggðalögum þar sem löndun línuívilnunar hefur verið mest. Við teljum að það hefði verið farsælla fyrir byggðirnar og útgerðina að heimila línuívilnun á alla dagróðrarbáta með mismunandi vægi eftir aðferð við beitningu en til þess þarf að draga til baka skerðingar á línuívilnun síðustu ára og styðja þannig við línuútgerð í landinu. Línuívilnun er dæmi um vel heppnaða byggðaaðgerð þar sem allir sitja við sama borð og ekki er mögulegt að leigja frá sér.

Í 15 gr. e. og f. er rætt um byggðakvóta þar sem tilgangurinn er að efla atvinnulíf í dreifðum sjávarbyggðum til framtíðar og til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Flestir geta verið sammála um að í byggðakvótakerfinu á undanförunum árum hafa miklir peningar farið í súginn og ítrekað, jafnvel oft á sömu stöðunum. Lagðar eru til breytingar sem geta orðið til bóta en SSÚ telur að skerpa þurfi á þeirri byggðaaðgerð sem úthlutun byggðakvóta þarf að vera. Byggðakvóti má ekki vera stuðningur við einstaka útgerðir eins og við höfum séð. Einnig þarf að skerpa á reglum og fylgjast með því að menn komist ekki upp með að leigja frá sér byggðakvóta með aðferðum sem notaðar eru og allir þekkja nema kannski þeir sem sjá um eftirlitið. Það er stórkostlega óeðlilegt að leigja frá sér byggðakvóta og hefur ekkert með eflingu atvinnulífs eða byggðamál að gera.

Afla í línuívilnun má skilgreina sem aukaafloheimildir, sem skapa atvinnu í landi. Þar sem um aukaafloheimildir er að ræða má segja að að stærstum hluta beri þær óskert veiðigjald. (Ekki sé um 40% afslátt að ræða). Verði aflheimildir færðar úr línuívilnun yfir í strandveiðiheimildir þá verða þær allar með fullum afslætti, enda eru strandveiðibátar undir afsláttarmörkunum. Þar af leiðandi verður ríkissjóður fyrir tekjumissi með því að auka strandveiðiheimildir á kostnað línuívilnunar.

Virðingarfyllst,
F.h. Samtaka smærri útgerða

Örvar Marteinson
formaður